

Föstudaginn 22. júní 1956.

Nr. 133/1955. M (Magnús Thorlacius)

gegn

K og gagnsök

(Egill Sigurgeirsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

Valdimar Stefánsson, sakadómari í Reykjavík, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Aðiljum hefur báðum verið veitt gjafsókn hér fyrir dómi.

Aðaláfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 29. ágúst 1955 og áfrýjað málinu með stefnu 19. september 1955. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara, að honum verði dæmdur synjunareiður. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þ. á m. málssóknarlauna talsmanni sínum til handa.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 16. desember 1955 og áfrýjað málinu með stefnu 7. janúar 1956. Hún gerir þessar dómkröfur:

1. krafa: Að málinu verði vísað frá Hæstarétti og aðaláfrýjanda dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

2. krafa: Aðallega að aðaláfrýjandi verði dæmdur faðir barns gagnáfrýjanda, er hún ól hinn 7. janúar 1954, og dæmt skylt að greiða meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnæðs 16 ára aldurs, fæðingarstyrk til gagnáfrýjanda og tryggingariðgjöld, allt eftir úrskurði yfirvalds, en til vara, að gagnáfrýjanda verði dæmdur fyllingareiður. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þ. á m. málssóknarlauna til handa talsmanni sínum.

Er aðaláfrýjandi áfrýjaði málinu, var eiðsfrestur hans samkvæmt héraðsdómi liðinn. Gagnáfrýjandi telur áfrýjun

af hendi aðaláfrýjanda heimildarlausa eftir lok nefnds frests og eigi því að vísa aðalsök frá Hæstarétti. En þar sem 197. gr. laga nr. 85/1936 gildir um áfrýjun máls þessa og ákvæða þess lagaboðs hefur verið gætt, verður frávísunarkröfu gagn-áfrýjanda eigi sinnt.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að eiðsfrestur ákveðst tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Gjafsóknarkostnaður hér fyrir dómi greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanna málsaðilja, kr. 1500.00 til hvors, en að öðru leyti á hvor aðilja að bera kostnað sinn af áfrýjun málsins.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að frestur til eiðvinningar sé tveir mánuðir frá birtingu dóms þessa.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun talsmanna aðilja, Magnúsar Thorlacius og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanna, kr. 1500.00 til hvors. Að öðru leyti á hvor aðilja að bera kostnað sinn af áfrýjun málsins.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. janúar 1955.

Ár 1955, þriðjudaginn 11. janúar, var á bæjarþingi Reykjavíkur, sem haldið var á Fríkirkjuvegi 11, kveðinn upp dómur í barnsfaðernismálinu nr. 1/1955: K gegn M, sem tekið var til dóms hinn 5. sama mánaðar.

Hinn 7. janúar 1954 ól kærandi, K, óskilgetið fullburða meybarn, sem í skírninni hlaut nafnið X. Föður að barninu lýsir hún kærða, M, hér í bænum, en hann hefur eigi viljað við faðernið kannast. Hefur kærandi því höfðað mál þetta gegn honum og krafist þess, að hann verði dæmdur faðir barnsins, til að greiða meðlag með því frá fæðingu þess til fullnaðs 16 ára aldurs þess, auk fæðingarstyrks og tryggingariðgjalds, allt eftir yfirvaldsúrskurði, og málskostnað að mati dómsins. Til vara hefur hún krafist fyllingareiðs.

Kærði hefur mótmælt kröfum kærandi og krafizt sýknu af þeim og synjunareiðs til vara. Málskostnaðar hefur hann eigi krafizt úr hendi hennar.

Aðiljar eru sammála um, að þau hafi þekkt og haft nokkrum sinnum samfarir saman á tímabili, en greinir á um, hvenær það tímabil hafi verið. Mökin höfðu þau saman ýmist í bifreið kærða, sem hann ók frá bifreiðastöð hér í bænum, eða í herbergi einu, sem kærði hafði aðgang að.

Kærandi hefur gefið mjög óljósa skýrslu um það, hvenær þau höfðu mökin saman. Hún dvaldi á Loftsölum í Mýrdal um tíma sumarið 1952, og heldur hún, að ekki hafi liðið skemmra en tveir mánuðir, frá því að hún kom þaðan hingað til bæjarins, og þar til þau höfðu í fyrsta sinn samfarir saman. Þetta endurtók sig síðan nokkurt tímabil, sem kærandi segir hafa verið allt að því ár eða „alltaf í fimm mánuði“. Síðustu tíðir fyrir barnsburðinn kveðst kærandi hafa haft 5. apríl 1953, og í lok skýrslu sinnar um málavexti kveðst hún muna, að síðustu samfarir sínar og kærða hafi verið í maí 1953.

Kærði skýrir þannig frá málavöxtum, að hann hafi kynnt kærandi árið 1951, og hafi sá kunningsskapur leitt til þess, að þau fóru að hafa samfarir saman. Segir hann það hafa komið nokkrum sinnum fyrir, en hann fullyrðir, að það hafi síðast verið í nóvember 1952, og sé því óhugsandi tímans vegna, að hann sé faðir barnsins. Í þeim mánuði segir hann kærandi hafa orðið sér fráhverfa, og af þeim sökum segir hann það hafa verið, að hann fékk A verzlunarmey til að fara til kærandi til þess að reyna að fá hana til að hitta kærða að nýju.

Kærði kveður stúlku þessa hafa talað nokkrum sinnum við kærandi og borið sér þau boð frá henni, að hún vildi ekkert við hann tala meir, því að hún væri farin að vera með öðrum manni, sem N hét, og ætluðu þau að fara að opinbera trúlofun sína.

Vitnið A hefur borið vitni í máli þessu og staðfest framburð sinn með eiði. Hún kveðst þekkja kærða vel og oft hafa fengið hann til að aka með sig og kunningja sinn. Hafi hann þá eftir samkomulagi við vitnið fengið að hafa kærandi með í þeim ökuferðum, og vissi vitnið af þessu, að þau kærði og kærandi voru talsvert mikið saman í mánuðunum september, október og nóvember 1952. Rétt fyrir mót nóvember og desember virtist vitninu þau hætta að vera saman, og sagði kærði vitninu þá, að hún vildi ekki tala við sig. Hann bað vitnið að tala fyrir sig við kærandi og reyna að fá hana til að hitta sig. Vitnið fór nokkrum sinnum heim til kærandi þessara erinda og hitti hana

að máli, en hún sagðist ekkert vilja við kærða tala og tók því fjarri að gera það. Annað hvort á jóladag eða annan í jólum fór vitnið með kærða heim undir húsið, sem kærandi bjó í, og beið kærði í bílnum, meðan vitnið fór að beiðni hans heim að húsinu og hitti kærandi. Þegar kærandi opnaði dyrnar fyrir vitninu, sá það, að karlmaður var inni hjá henni. Vitnið spurði hana, hvort hún vildi tala við kærða, sem biði úti í bílnum, en hún neitaði því og sagði, að gestir væru hjá sér. Í þessu samtali segir vitnið kærandi hafa sagt, að hún ætlaði að opinbera á gamlárskvöld og hétí mannsefnið N, og væri það hann, sem staddur væri hjá sér. Vitnið kveðst minnst þess, að það hafi á afmælisdegi systur sinnar hinn 16. marz 1953 spurt kærða, hvort hann hefði hitt kærandi nýlega, og hefði hann svarað því til, að hann hefði ekki séð hana í marga mánuði.

Kærandi minnst þess, að stúlka, sem hún þekkir undir nafninu Y, hafi nokkrum sinnum komið til sín, send frá kærða, í því skyni að fá hana til að hitta hann. Hins vegar man kærandi ekki atvikið á jölunum, sem vitnið skýrir frá, og neitar að hafa nokkru sinni sagt vitninu, að hún ætlaði að opinbera á gamlárskvöld eða öðrum degi.

Að gefnu tilefni frá kærða hafa kærandi og N nokkur verið yfirheyrð um kynni sín hvort af öðru, og eru þau sammála um, að þau séu kunningjar og hafi oft hitzt, og þar á meðal hafi N heimsótt kærandi, en einnig að þau hafi aldrei haft holdleg mök saman.

Blóðflokkarannsókn hefur farið fram á aðiljum og barninu, og hefur hún ekki útilokað kærða frá faðerninu.

Samkvæmt umsögn borgarlæknisins í Reykjavík eru mestar líkur til, að barnið hafi verið getið um 12. apríl 1953, en möguleikar eru þó á, að það hafi komið undir einhvern tíma á tímabilinu 21. febrúar til 12. maí 1953.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að ósannað er um faðerni barnsins, og hljóta úrslit máls þessa að velta á eiði. Þar sem ekkert hefur komið fram til styrktar skýrslu kærandi um mök hennar og kærða á getnaðartíma barnsins, skýrsla hennar er óljós um það, á hvaða tímabili þau hafi verið saman, og skýrsla vitnisins styrkir framburð kærða um, að þau hafi hætt að vera saman um mót nóvember og desember 1952, verður samkvæmt 213. gr. laga nr. 85/1936 að láta úrslit málsins velta á synjunar-eiði kærða, þannig að hann skuli vera sýkn af kröfum kærandi, ef hann synjar fyrir það með eiði eftir lögmætan undirbúning á löglegu varnarþingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann

hafi haft holdlegar samfarir við kærandi á tímabilinu 21. febrúar til 12. maí 1953. Fallist hann á eiðnum, skal hann teljast faðir barnsins, enda greiði hann þá meðlag með því, fæðingarstyrk og tryggingariðgjöld barnsmóður lögum samkvæmt eftir yfirvaldsúrskurði.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Synji kærði, M, fyrir það með eiði eftir lögmætan undirbúning á löglegu varnarþingi innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, að hann hafi haft holdlegar samfarir við kærandi, K, á tímabilinu 21. febrúar til 12. maí 1953, skal hann vera sýkn af kröfum hennar í máli þessu.

Fallist kærði á eiðnum, skal hann teljast faðir barnsins X, sem kærandi ól 7. janúar 1954, enda greiði hann þá meðlag með því, fæðingarstyrk og tryggingariðgjöld barnsmóður, allt eftir yfirvaldsúrskurði.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 22. júní 1956.

Nr. 90/1956. Ákærvaldið
 gegn
 Snorra Jónssyni.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason,
 Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr
 prófessor.

Kærumál. Gæzluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 16. júní 1956, sem barst Hæstarétti 20. s. m., hefur kærði, Snorri Jónsson, skotið máli þessu til Hæstaréttar og krafizt þess, að gæzluvarðhaldstími hans verði stytur frá því, sem ákveðið er í úrskurðinum.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.